

- 91 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa Kirkjubæjarklausturs prestakalli.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, í póknanlegu brjefi, dags. í dag, veiti jeg hjer með samþykki mitt til þess, að Kirkjubæjarklaustursprestakall í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi megi taka 800 kr. lán úr landsbankanum til húsabygginga þannig, að lán þetta verði endurborgað af tekjum prestakalls þessa á næstu 8 árum með $\frac{1}{8}$ árlega auk vaxta.
- 92 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um skyldu manns til að veita sonarbörnum sínum forsorgun.** — Með brjefi, dags. 29. f. m., er hingað hefir borizt beina leið, hefur sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Garðahreppi, þar sem hún fer fram á, að Eyjólfur Jónsson, bóndi á Hausastöðum (Katrínarkoti) þar í hreppi, verði skyldaður til að veita skilgetnum börnum sonar hans látins forsorgun, og hefur sýslumaðurinn óskað úrlausnar minnar um erindi þetta.
- Út af þessu undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður, til póknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að hjer er að ræða um ágreining milli hreppsnefndar annars vegar og privatmanns á hina hliðina, en eigi um sveitarmálságreining milli tveggja hreppa, heyra úrslit máls þessa undir úrlausn dómstólanna en eigi landshöfðingja.
- 93 **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á reka og veiðiðtökum tilheyrandi prestakalli.** — Með brjefi þessu tilkynnti ráðgjafinn landshöfðingja, að hans hátígn konunginum hefði póknast 9. p. m. allramildilegast að fallast á, að reka- og veiðiðtök Hofs prestakalls í Álptafirði fyrir landi jarðarinnar Starmýri í Suðurmúlasýslu megi selja eiganda jarðar þessarar, ekkjunni Ragnheiði Stefánsdóttur, fyrir 200 kr.
- 94 **Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um gjald fyrir borgarabrjef til verzlunar.** — Með póknanlegu brjefi, dags. 14. p. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, sent mjer erindi Jóns kaupmanns Jónssonar, sem áður hefur rekið fasta verzlun í Borgarnesi, en í sumar hefur byrjað verzlun hjer í bænum og leyst til þess borgarabrjef samkvæmt lögum 7. nóv. 1879 og greitt fyrir það 50 kr. í bæjarsjóð, þar sem hann fer fram á, að fá greindar 50 kr. endurborgaðar sökum þess, að hann hefði eigi þurft að kaupa nýtt borgarabrjef til að geta stofnað verzlun hjer, en hefði haft rjett til að verzla á hverju kauptúni eða löggiltum verzlunarstöðum á landinu, sem hann vildi, samkvæmt borgarabrjefi því, er hann áður hafði fengið til verzlunar í Borgarnesi, og sem útgefið var 18 júní 1877. Hafið þjer látið þá skoðun í ljósi, að endurborgunarkrafa sú, sem þannig er fram komin, sje eigi á rökum byggð, en beiðzt þó álits míns um málefnið eptir ósk Jóns kaupmanns Jónssonar.

Út af þessu undanfelli jeg eigi þjónustusamlega að tjá yður, að það